

4. gr.

§ 209 e) verði þannig:

e) Heildarviðnám varnarleiðiskerfisins til jarðar má ekki vera hærra en 20 Ω. Sé ekki unnt að ná þessu viðnámi með viðbótarjarðskautum, verður að vaka yfir spennu varnarleiðisins til jarðar, með liðum sem rjúfa kerfið án tafar, ef spennan fer yfir 50 V.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 7. gr. laga nr. 60/1979, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 19. apríl 1982.

Hjörleifur Guttormsson.

Páll Flyggenring.

AUGLÝSING

um breytingu á samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Reykjavík o.fl.
nr. 137 26. júlí 1971.

1. gr.

1. mgr. 2. gr. orðist svo:

Daglegur afgreiðslutími smásöluverslana og annarra sölustaða, er samþykkt þessi tekur til, skal vera sem hér segir, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið í samþykktinni:

Mánudaga til föstudaga skal heimilt að opna sölustaði kl. 8.00 og lokað skal þeim eigi síðar en kl. 18.00. Á laugardögum skal heimilt að hafa sölustaði opna kl. 8.00 til 12.00.

2. gr.

2. mgr. 2. gr. orðist svo:

Auk þess sem að framan greinir er verslunum heimilt að hafa opið á eftirtöldum tímum:

Allt að 8 stundir á mánudegi til föstudags kl. 18.00—22.00 á tímabilinu 1. september—31. maí. Verslanir mega þó ekki nýta þessa heimild á fleiri dögum en 2 í hverri viku. Allt að 4 stundir á mánudegi til föstudags kl. 18.00—22.00 á tímabilinu 1. júní—31. ágúst. Verslanir mega þó ekki nýta þessa heimild á fleiri dögum en 1 í hverri viku.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur sannið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 15. apríl 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.